

Harpa Hreinsdóttir

Kennsluhefti

með skáldsögu Fríðu Á. Sigurðardóttur

Meðan nóttin líður

Forlagið

Meðan nóttin líður

FORMÁLI

Þetta safn verkefna er ætlað í kennslu bókarinnar Meðan nóttin líður eftir Friðu Á. Sigurðardóttur. Verkefnin beinast einkum að fjórum þáttum, sem eru persónusköpun, bygging sögunnar, stíll sögunnar og baksvið hennar.

Ég geri ráð fyrir að bókin henti í kennslu nemenda sem hafa lokið a.m.k. 12 einingum í íslensku (og eru þá væntanlega verðandi stúdentar).

Verkefnin eru alls ekki hugsuð sem heildarvinna nemenda í bókinni, heldur fyrst og fremst sem undirbúningsvinna fyrir ritgerðarsmið. Þau eru leið til að "komast inn í söguna" en auðvitað takmörkuð leið. Flest þeirra eru hugsuð sem hópvinnuverkefni, þar sem tveir til þrír nemendur hjálpast að.

Fyrir utan bókina þyrftu nemendur að hafa aðgang að ýmsum uppflettiritum, s.s. Nöfnum Íslendinga eftir Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson, Íslensku alfræðiorðasafni og einhverjum Íslandssögubókum.

Hugtökum bókmenntagreiningar er hér stillt í hóf, þar sem mér finnst ástæðulaust að leggja áherslu á slíkt í almennri menntun. Aðalmarkmiðið er að ala nemendur upp sem lesendur; fá þá til að uppgötva töfra textans og galdur bókarinnar. Við samningu verkefnanna var nokkuð reynt að hafa áhugamál nemenda í huga þannig að þau höfði til þeirra.

Ég tel að hentugt sé að vinna með bók Friðu í svona tvær vikur.

Kennslustundir væru notaðar í verkefnavinnu, en auðvitað getur kennari flutt fyrirlestra um höfund og verk. Heppilegt er að gera nemendum grein fyrir sögulegu baksviði bókarinnar, þar sem tímaskyn þeirra og þekking á Íslandssögu er oft ekki upp á marga fiska. Þetta er hægt að gera með tilvísun til bóka, s.s. Aldarinnar okkar, eða með því að fá einhvern af eldri kynslóðinni í heimsókn í kennslustund. Hvað sögusvið bókarinnar varðar er upplagt að sýna mynd Ósvalds Knudsen, Hornstrandir, sem fæst á myndbandi hjá Námsgagnastofnun.

Nemendur geta notað tímaverkefnið sem grunn að einhverju viðamiklu lokaverkefni, t.d. ritgerð.

Mér finnst sjálfsagt að taka tillit til vinnu nemenda í tímum ekki síður en að dæma lokaverkefni þeirra. Þar má taka tillit til þess hve mörg verkefni þeir hafa unnið, hve virkir þeir voru í hópvinnum o.s.fr.

Ég tel að þessi bók, Meðan nóttin líður, höfði til nemenda og þeim veitist ekki ýkja erfitt að lesa hana, þótt flókin sé.

Akranesi, 24. febrúar, 1992

Harpa Hreinsdóttir

Harpa Hreinsdóttir

Meðan nóttin líður

STÍLL SÖGUNNAR

Athugið ýmsa þætti í málnotkun og stíl sögunnar, t.d. ljóðrænan stíl, stuðlasetningu, hljóð orðanna o.fl. Þess háttar.

Dæmi: "Það er tími fuglsins. Og bjargsins. Tími annríkis og ævintýra í kyrrlátri vík á norðurhjara. Úruga morgna er risið úr rekkju og svefninn hristur óblítt úr kroppnum. Síðan er haldið af stað. Skáhallt er gengið upp grösuga hjalla herra og herra á vit bjargsins." (bls. 17)

Væri hægt að setja þennan hluta upp sem ljóð? Hvernig?
(Æfið ykkur að lesa hann þannig.)

Dæmi: "...bjartur líkami Sunnevu sem engist í frygð á þann hátt sem hann hefur aldrei séð, vefur sig í skefjalausum losta um ungan stæltan karlmannslíkama, óþekktan, en þekktan þó, limirnir stjórnlausir af girnd, teygjast eins og slöngur, slöngubenda af holdi iðandi spriklandi í hamslausri vímu. Í kring í rökkrunu dansandi mannsmyndir, og þó ekki mannsmyndir, nei, árar, púkar, æpandi ókvæðisorð, andlitin brett í ógeðslegu glótti, logandi af meinfýsni og græðgi, andlit sem hann þekkir." (bls. 44)

Gæti þessi kafli verið hluti af ljóði? Hvernig?

Dæmi: "... og svo loks tak, þessi nibba, meðan grjótið hrundi í ærandi hávaða, og undir aðeins grjót, skriður, klettar, og einhvers staðar langt í burtu eitthvað grænt, óralangt í burtu -
hékk í tóminu - eilífð - ein" (bls. 36)

"Golubytur og kafgresið bylgjast, sveigist fram og til baka. Dans í grasi, hæglátur, seiðandi." (bls. 36- 37)

Lesið þessi brot upphátt; Er eitthvað sérstakt við samhljóðanotkun hér?

Meðan nóttin líður

STÍLL SÖGUNNAR

ANDSTÆÐUR; Athugið hvernig andstæðum er beitt í sögunni.
Hér eru nokkur dæmi úr upphafi sögunnar:

Fresiur/reyr (bls. 9, 12 og 13)
menning/pöpull (bls. 11)
fersk /römm (lykt) (bls. 16)
stirt/mjúkt (bls. 16)
svartir hamraveggir/hvít lögur (bls. 17)
hávært líf/dauði (bls. 17)

Finnið 8- 10 dæmi um andstæður á næstu blaðsíðum:

Meðan nóttin líður

STÍLL SÖGUNNAR

VÍSANIR: Hvað er vísun?

Dæmi um vísanir í upphafi bókarinnar eru:

"... aldraður Pan í brúnum stuttum kvöldslopp ..."
(bls. 9)

Hver er Pan?: _____

"Á hábrún bjargsins bíður festin eins og risavaxinn ormur úr fornum sögum. Hér sá ormur sem gullið gefur."
(bls. 17)

Hvaða hlutverk höfðu ormar í fornum sögum? _____

"... þar sem grá loppa bíður þess að hremma hvern þann sem dirfist að bjóða bjarginu birginn ..." (bls. 18)

Hvaða gráu loppu er verið að tala um? _____

Reyndu að finna a.m.k. tvö dæmi um vísanir í sögunni og skrifaðu útskýringar við:

Meðan nóttin líður

BYGGING

TÍMI/TÍMALEYSI

STAÐUR/STAÐLEYSA

Í sögunni þurrkast stundum skil milli tímaskeiða og sviða út. Dæmi um slíkt er:

Grá augu, sterk, lýsandi, birtast í flæðarmálinu, horfa á hana í vanmegna heift, augu hans, augu stúlkunnar í draumnum. Stúlka, klædd karlmannsfötum, veran sem sat í hnipri hérna rétt ofan við kambinn. Svart hárið flaksandi, ógreitt, neglurnar rauðar eins og hún hefði difið þeim í blóð. /---/ En nornin unga hlær, Nina hlær, í miðjum draumi Katrínar, orðin norn í draumi um draum og sendir frá sér ísregn af hlátri, hlátri og orðum. /---/ Hún teygir fram höndina og snertir varlega dökkt sitt hárið, en stúlkun hnykkir höfðinu undan, rykkir sér frá, hefur handlegg ógnandi á loft-

"Ég meinti það ekki þannig," tauta ég út í herbergið, út í grænleita skímuna. En hún heyrir það ekki, Katrín, amma mín, hörfar undan, aumkun í augnaráðinu, sviður undan henni. Aumkun, ótrúlegt! (bls. 69-71)


Ég hristi höfuðið, vil ekki kaffi, er á hlaupum, með Friðmeyju, orðin flækt í sögu; þungt blautt pilsíð flaksast um fæturna, tefur í hverju spori, hefði átt að stytta mig, annar skórin sundurhogginn og þvengurinn slitinn í ofanálag, lykt af síðbúnu vori í nösunum. Mig klæjar undan blautum ullarsokkunum, en Friðmey æðir áfram. Og um leið og dyr falla að stöfum í annarri veröld fylgi ég henni eftir inn í bæinn, ...
(bls. 26-27)

Útskýrið hvernig tímanum er varið í þessum brotum (þ.e. hvernig á þessari "annarri veröld" og "draumi um draum" stendur):

Meðan nóttin líður

BYGGING SÖGUNNAR


Athugið ytri umgjörð sögunnar (rammann). Athugið einnig einstaka þætti sögunnar. Hvert er meginþema hvers þáttar? Hvað tengir aðalpersónurnar saman?



Hvað tengir persónurnar saman?

BYGGING SÖGUNNAR

TÍMASKEIÐ; Hvernig er skipt milli tímáskeiða í sögunni?
Athugið "Fyrstu nótt", bls. 9- 76, og fyllið út eins mikið og
þið getið á myndina að neðan. Neðri ásinn er fyrir blaðsíður
en sá efri sýnir á hvaða öld atburðir gerast.



Meðan nóttin liður

PERSÓNUR

UMHVERFI, TÍMI OG PERSÓNUR; Hér fyrir neðan eru litlir "söguheimar" sem persónurnar hrærast í. Fylltu inn í hvern "heim" með nöfnum helstu persóna og staðarákvörðun.

NÚ

Nína, Eiríkur, Lárus
Árni, Helgi, Marta, Sara, Sússa
(Þórdís), hjúkrunarfólk,
Andrés, _____
Reykjavík

9

18. ÖLD / *fyrri tölur*

ÆSKA NÍNU

19. ÖLD

frá tölur

FYRRI HLUTI 20. ALDAR

Meðan nóttin líður

PERSÓNUR

NÖFN; Athugið merkingu nafna í sögunni. Stundum skiptir sjálf merkingin máli en stundum er um vísanir að ræða. Athugið einnig hljóð nafnanna.

Dæmi: Systurnar María og Þórdís.

Þórdís = gyðja Þórs (ássins) - hin jarðbundna, sterka (Þór var goð karlmennsku), bundin átthögunum/þjóðleg.

María - nafnið er erlent, úr kristni. Sennilega er hér um vísun að ræða, en í hvaða Maríu? Er kannski vísað til Maríu Magdalenu, hinnar bersyndugu konu? Sem leiðir hugann að því hvernig María sögunnar hafi unnið fyrir sér í útlöndum ...

Kannski skipta nöfnin ekki máli en athugið samt eftirfarandi nöfn og skrifið við þau upplýsingar, ef þið finnið eitthvað bitastætt:

Sunneva: _____

Katrín: _____

Stefán: _____

Jakob: _____

Rebekka: _____

Rakel: _____

Marta: _____

Sara: _____

Sólveig: _____

Meðan nóttin líður

PERSÓNUR

ANDSTÆÐUR

Í sögnunni má finna fjölmörg dæmi þess að persónum er teft fram sem andstæðum. Hér á eftir eru talin nokkur slík pör. Segið að hvaða leyti líta má á þessar persónur sem andstæður og hvaða tengsl eru milli þeirra. Bætið svo við listann.

Nína - Marta

Nína - Sara

Eiríkur - Þórdís

Meðan nóttin liður

PERSÓNUR

AÐALPERSÓNUR; Hvaða upplýsingar fær lesandi um aðalpersónur? Reynið að fylla inn í töflurnar eftir bestu getu. Gleymið ekki að setja blaðsíðutal við allar upplýsingar.

KATRÍN

aldur	
fæðingarár (u.p.b.)	
fjölskylduhagir	
ævistarf	
fjárhagur	
útlit	
fatnaður	
lykt	
litir	
persónuleiki	
lífssýn	
annað	

Meðan nóttin líður

PERSÓNUR

ADALPERSÓNUR; Hvaða upplýsingar fær lesandi um aðalpersónur?
Reynið að fylla inn í töflurnar eftir bestu getu. Gleymið ekki að setja blaðsíðutal við allar upplýsingar.

ÞÓRDÍS

aldur	
fæðingarár (u.þ.b.)	
fjölskylduhagir	
ævistarf	
fjárhagur	
útlit	
fatnaður	
lykt	
litir	
persónuleiki	
lífssýn	
annað	

Meðan nóttin líður

PERSÓNUR

AÐALPERSÓNUR; Hvaða upplýsingar fær lesandi um aðalpersónur?
Reynið að fylla inn í töflurnar eftir bestu getu. Gleymið ekki að setja blaðsíðutal við allar upplýsingar.

NÍNA

aldur	
fæðingarár (u.þ.b.)	
fjölskylduhagir	
ævistarf	
fjárhagur	
útlit	
fatnaður	
lykt	
litir	
persónuleiki	
lífssýn	
annað	

Meðan nóttin líður

PERSÓNUR

ADALPERSÓNUR; Hvaða upplýsingar fær lesandi um aðalpersónur? Reynið að fylla inn í töflurnar eftir bestu getu. Gleymið ekki að setja blaðsíðutal við allar upplýsingar.

SUNNEVA

aldur	
fæðingarár (u.þ.b.)	
fjölskylduhagir	
ævistarf	
fjárhagur	
útlit	
fatnaður	
lykt	
litir	
persónuleiki	
lífssýn	
annað	

Meðan nóttin líður

BAKSVIÐ

LÍFSBARÁTTAN Á STRÖNDUM;

Hvað hafði fólk sér til matar á Ströndum? Hvernig gekk að afla hans? (Skoðið blaðsíður 17- 19, 22 og 92- 94.)

Hvernig var húsakynnum háttað? (Sjá t.d. bls. 27.)

Hvernig var fjölskyldulífi háttað og högum fjölskyldunnar? (Sjá t.d. bls. 38, 64- 71)

Hvernig heldurðu að þér hefði líkað þetta líf? Og hvenær heldurðu að lífskjör fólks á Ströndum hafi breyst?

Meðan nóttin líður

BAKSVIÐ

ÆVI ÞÓRDÍSAR; Skrifaðu örstutta ævisögu Þórdísar. (Sjá einkum bls. 97, 101- 128, 144, 150, 154 og 158.)

*

Tímasettu helstu atburði í lífi Þórdísar, eftir bestu getu.

*

Þekkir þú fólk sem hefur lifað svipuðu lífi og Þórdís? Reyndu að ná tali af einhverjum öldruðum og spyrja hann/hana um uppvöxt hans/hennar. Berðu síðan þá frásögn saman við það sem þú veist um ævi Þórdísar.

Meðan nóttin líður

SJALID

Hvernig komst sjalið inn í ættina? (Frá hverjum kom það?
Hvers vegna?)

Hvað grundvallarpáttum tengist þetta sjal? (Sjá bls. 33, 63,
146, 167 og 179)

Hverjar eignast sjalið? Eftir hverju fer það?

Skrifaðu niður allt sem þú veist um útlit sjalsins, lykt,
áferð o.þ.h.

Meðan nóttin líður

DULRÆN FYRIRBÆRI

Reynið að rifja upp eins mörg dæmi og þið getið um dulræn fyrirbrigði í sögunni (drauma, fyrirboða, afturgöngur o.þ.h.).

Hvaða persónum tengjast þessi fyrirbæri einkum?

Reyna einhverjar persónur að afneita slíkum fyrirbærum?

Þekkir þú einhver dæmi um svipuð fyrirbæri af eigin reynslu?

Skipta draumar, fyrirboðar eða önnur dulræn fyrirbæri máli í sögunni?

Meðan nóttin líður

RITGERÐAREFNI

Veldu eitt af eftirfarandi efnum og skrifaðu um það ritgerð. Æskileg lengd er 4- 6 vélritaðar síður. Í sviga aftan hvers ritgerðarefnis er bent á nokkur atriði sem æskilegt væri að kæmu fram. Sá listi er þó engan veginn tæmandi.

- A Tíminn í Meðan nóttin líður (Hér þarf að gera ítarlega grein fyrir innri og ytri tíma. Einnig þarf að taka afstöðu til þess hvort innri tíminn er "raunverulegur" (ferðast Nína milli tímaskeiða?) eða "ímyndaður" (er innri tíminn aðeins 3 nætur, sem Nína situr og skrifar sögu ættmæðra sinna?). Gera þarf grein fyrir því hvernig tíminn tengist öðrum þáttum í byggingu sögunnar, s.s. sjónarhorni og sviðsetningu/staðsetningu atburða.)
- B Aðalpersónur í Meðan nóttin líður (Hverjar telurðu aðalpersónur? Hvernig persónur eru þær? Hvernig lýsir höfundur þeim? Hvaða tengsl eru milli þeirra? Að hvaða leyti eru þær líkar eða ólíkar?)
- C Nína (Hvernig persóna er Nína? Hvernig segist hún vera? Hvað einkennir afstöðu hennar til annarra persóna? Hvað hefur mest áhrif á Nínu? Berðu Nínu saman við aðrar persónur. Breytist Nína eitthvað í sögunni?)
- D Stíll og málfar (Reyndu að benda á atriði sem einkenna stíl sögunnar. Athugaðu líka hvort málfar persónanna er á einhvern hátt einkennandi fyrir þær.)
- E Baksvið sögunnar (Berðu upplýsingar um sögusvið og sögutíma saman við aðrar heimildir, t.d. sagnfræðirit og ævisögur og leggðu mat á hvort lýsing sögunnar er trúverðug.)
- F Fæðing og dauði (Hvernig er talað um fæðingu og dauða í sögunni? Hvert er viðhorf persónanna til lífs og dauða? Hverjar eru hugmyndir persónanna um guð og líf eftir dauðann?)